

Fundur í stjórn foreldrafélags Króks

6. mars 2018 kl. 20:00

Fundargerð

Mætt: Erla Ósk Pétursdóttir, Heiðar Hrafn Eiríksson, Lilja Ósk Sigmarsdóttir, Árni Snær Brynjólfsson, Eva Rún Barðadóttir, Sigrún Sesselja Óskarsdóttir, Ingólfur Ágústsson og Bylgja Héðinsdóttir aðstoðarskólastjóri og tengiliður foreldrafélagsins.

1. Bylgja sagði okkur að þau þyrftu 30-40 söngmöppur og best væri að þær væru tilbúnar í júní.
2. Foreldrafélagið greiddi verkefnið Blær í fyrra, þar sem allir nýjir nemendur fá bangsann Blæ. Umræður um það hvort foreldrafélagið eigi að greiða verkefnið aftur í ár eða hvort annað félag styrki verkefnið í ár. Bylgja ætlar að spyrjast fyrir og láta okkur vita.
3. Bylgja sagði frá tveimur verkefnum sem leikskólinn er að skoða í tengslum við hnattrænt jafnvægi. Annars vegar að gerast Sólblómaleikskóli í tengslum við SOS barnaþorpin, þar sem skólinn greiðir 45.000 kr til að styrkja eitt barn og myndi leikskólinn og foreldrafélagið vinna saman að því að fjárafla upp í þessa upphæð. Hitt verkefnið er Jól í skókassa, þar sem leikskólinn og foreldrafélagið geta unnið saman að því að fá foreldra til að taka þátt (koma með tóma skókassa og/eða gjafir í skókassana). Stjórnin tók mjög vel í þessi verkefni og lagði til að ef leikskólinn ákveður að fara af stað með þessi verkefni þá væri tilvalið að segja frá þeim á aðalfundir foreldrafélagsins í haust.
4. Fundarmenn ræddu um næstu verkefni:
 - a. Vinnudagur 5. maí. Félagið virkjar foreldra til að hittast og gera útsvæðið á Króki fínt, hugmyndin er að bæta við sullstöðina. Stjórnin ætlar að kasta á milli sín hugmyndum og skoða sérstaklega myndirnar sem Bylgja sýndi okkur á fundinum (<https://www.facebook.com/rosevilleconsultancy/photos/pcb.1996388757244559/1996386417244793/?type=3&theater&ifg=1>). Bylgja benti einnig á að bærinn þyrfti að tengja vatnið fyrir sullstöðina og tilvalið að ýta á þá að gera það klárt fyrir vinnudaginn.

Tillaga um að halda smá fjáröflun samtímis, jafnvel „selja“ listaverk eftir börnin (frjáls framlög), og myndi það vonandi trekkja fleiri foreldra að. Félagið myndi einnig vera með kaffi og eitthvað gott að narta í. Bylgja benti á að það væri sniðugt að vera líka með skiptimarkað fyrir bækur og dót á vinnudeginum, og allir sammála um að gera það.
 - b. Vorhátíð 29. maí kl.16:30-18:00 Hugmyndir um að hafa Buggy bílinn aftur, einhvern að sprella í skemmtilegum búning, vatnsrennibraut (betra plast í þetta sinn), andlitsmálningu, o.fl. Bjóða upp á svala, kaffi og popp/snakk (ath. ekkert ofnæmisvaldandi). Gefa svo gjöf: vatssprautur/frisbí/bolta.
 - c. Útskrift 30. maí. Heiðar Hrafn ætlar að vera í sambandi við Herdísí varðandi fyrirkomulag um að koma myndum af útskriftarbörnum til foreldra í tengslum við útskriftina.

Það sem þarf að gera:

- Ákveða hverju eigi að bæta við sullstöðina – allir ætla að skoða myndirnar frá Bylgju og halda áfram með umræðuna á facebook síðunni.
- Sniðugan búning fyrir vorhátíðina – Sigrún og Lilja ætla að finna einhvern til að vera í Tazmanian búningnum.
- Ákveða gjöf fyrir vorhátíðina og panta á Ali.
- Panta möppur og plöst fyrir 40 söngmöppur (46 bls. í hverri söngmöppu) og hafa tilbúnar í júní.

Fundargerð ritaði Erla Ósk Pétursdóttir.